

Deiliskipulag Kjarna og Hamra - Tjaldsvæði, útivistarsvæði og útilífsmiðstöð á Akureyri



Hamrar og Kjarnaskógur (*Ævar Arnfjörð Bjarmason, 2005*).

Deiliskipulag Kjarna og Hamra LÝSING OG MATSLÝSING

Lýsing samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og matslýsing í samræmi við lög um umhverfismat áætlana 106/2000.

Akureyrarbær
Skipulagsdeild

7. júní 2013

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Markmið	3
3.	Forsendur.....	3
2.	Aðrar áætlanir.....	4
3.	Umfjöllun um kosti	5
5.	Áhrifa- og umhverfisþættir	6
6.	Viðmið.....	6
7.	Öflun upplýsinga og aðferðarfræði.....	7
8.	Kynning og samráð	7
9.	Ferlið	7
10.	Heimildaskrá.....	8

1. Inngangur

Akureyrarbær vinnur nú að deiliskipulagi fyrir Kjarna og Hamra þar sem starfrækt eru útivistarsvæði, tjaldsvæði og útlífsmiðstöð skáta. Heildarstærð tjaldsvæðisins að Hömrum nær til um 50 ha, innan þess svæðis er einnig að finna útlífsmiðstöð skáta og sunnan við Hamra er útivistarsvæðið í Kjarnaskógi. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 156,8 ha og stór hluti svæðisins er vaxið skógi.

2. Markmið

Tilgangur þessa deiliskipulags er að koma á formlegu deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði, tjaldstæðið og útlífsmiðstöð skáta. Það var talið nauðsynlegt að hefja deiliskipulagsgerð á svæðinu og veita þessu mikilvæga útivistarsvæði bæjarbúa meiri athygli. Á skipulagssvæðinu er fjölbreytt starfsemi í gangi og margir ólíkir útivistarhópar sem nýta sér svæðið, s.s. tjaldgestir, göngufólk, hlauparar, hjóla- og skíðagöngufólk og almennir bæjarbúar sem vilja komast á náttúrtengd leiksvæði, í grillaðstöðu og njóta útiveru. Það er því um stórans og fjölbreyttann hópa notaenda að ræða.

Á fundi skipulagsnefndar Akureyrarbæjar þann 11. september 2009 var samþykkt að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir útivistarsvæði Akureyringa í Kjarna og Hömrum.

3. Forsendur

Akureyri liggur vestanvert við Eyjafjörð. Við lok síðustu ísaldar er talið að Eyjafjarðarjökullinn hafi legið nokkuð lengi við Akureyrina, að efri brún hans hafi legið í 50 metrum og að fyrir þær sakir liggi Brekkan á Akureyri í 50-60 metra hæð. Gróðurfur á Akureyri og í Eyjafirði er einstakt fyrir íslenskar aðstæður. Það er þetta fjölbreytilega landslag sem hefur áhrif á allt veðurfar og skapar einstök skilyrði fyrir gróður á svæðinu. Á Akureyri og í nágrenni er að finna gróðursamfélag frá fjöru til fjalla sem telur vel yfir 300 mismunandi tegundir af íslensku flórinni.

Skipulagssvæðið í Kjarna og á Hömrum liggur neðst frá 5 metra hæð yfir sjávarmáli upp í tæplega 140 metra hæð yfir sjávarmáli. Tjaldsvæðið að Hömrum er á aflíðandi landi og er landhalli á tjaldflötunum á bilinu 3-8% og því mjög hentugt sem tjaldsvæði, en landinu hallar að mestu leiti til austurs. Auk þess liggur í gegnum tjaldsvæðið Brunnáin sem mótar landið umtalsvert og skapar mjög skemmtilegar og náttúrulegar aðstæður. Mesti hluti skipulagssvæðis sem nýtist til útivistar og útiveru er á bilinu 50-115 metra hæð yfir sjávarmáli.

Útivistarsvæðið í Kjarnaskógi hefur skapað sér mikinn sess í samfélaginu á Akureyri og var lengi vel leiðandi á Íslandi varðandi uppbyggingu á stóru útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Gróðursetningar í Kjarna hófust árið 1946, en árið 1952 var landið girt af og sá Skógræktarfélag Eyjafjarðar um gróðursetningar og viðhald svæðisins í 20 ár. Frá árinu 1972 hefur Skógræktarfélagið verið í farsælu samstarfi við Akureyrarbæ og séð alfarið um framkvæmdir, skipulag og hirðingu skógræktarsvæðisins. Í dag teygir ræktunarsvæðið sig frá Kjarnaskógi vestan við byggðina og norður að Glerá. Heildarstærð skógræktarsvæðisins innan girðingar eru um 800 ha í dag.

Árið 2001 var gerð talning á umferð í Kjarnaskóg og var niðurstaða hennar borin saman við talningu árið 1991 og 1992, en var fjöldinn mjög sambærilegur og við eldri umferðartalningar. Samtals fóru á tímabilinu 1. maí til 5. nóvember 2001 tæplega 73 þúsund bílar um svæðið og var reiknað út að um 120.000 gestir kæmu á útivistarsvæðið í Kjarna.

Tjaldsvæðið að Hömrum hefur verið starfrækt frá árinu 1980 og er í dag rekið af Skátafélaginu Klakk á Akureyri samkvæmt samningi við Akureyrarbæ. Í dag er rekstur tjaldsvæðisins í sérstöku rekstrarfélagi í eigu skátanna og rekur það jafnframt tjaldsvæðið við Þórunnarstræti. Árið 2003 voru skráðar gistinætur á tjaldstæðinu að Hömrum 12.000 talsins. Það deiliskipulag sem er í vinnslu er fyrst og fremst ætlað að setja fram skipulagsáætlun sem staðfestir þann rekstur sem þegar er á svæðinu, tengja saman útivistarsvæðið í Kjarnaskógi og skilgreina þá uppbyggingu sem skátarnir áforma á skipulagssvæðinu. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á það að allar framkvæmdir og mannvirki á svæðinu falli vel að umhverfinu, gróðursett hefur verið á svæðinu til að skapa skjólgott og aðlaðandi umhverfi. Á skipulagssvæðinu er fjölbreytt starfsemi sem þjónar breiðum hópi notenda og hafa rekstaraðilar á svæðinu lagt sig fram um að hafa svæðið sem náttúrulegast og sem umhverfisvænst.



Mynd 1. Yfirlitsmynd – Afmörkun skipulagssvæðis fyrir Kjarna og Hamra (Teiknistofan Storð ehf, 2010).

Heildarstærð þess svæðis sem skilgreint er sem tjaldsvæði er stærra en 10 ha og fellur þar með undir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif samkvæmt lið 12.e. í viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er lýsing þessi unnin í samræmi við þá löggjöf. Í umhverfisskýrslu verður greint nánar frá umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

2. Aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu verður fjallað nánar um tengsl við aðrar áætlanir í sveitarfélaginu. Ef ósamræmi er að finna verður greint frá því til hvaða aðgerða sveitarstjórn hyggst grípa til úrlausnar. Hér að neðan verður stiklað á þeim mikilvægustu skipulagsáætlunum sem fyrir liggja á svæðinu, en listinn er þó ekki tæmandi.

Tafla 1. Helstu áætlanir og tengsl við fyrirhugaða deiliskipulagsáætlun.

Heiti áætlana	Umfjöllun áætlunar	Áhrif á framkvæmdaáform
Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018	Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun í Kjarnaskógi og á Hömrum, en bæði svæðin eru skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Opin svæði innan og utan bæjar skulu tengd saman og mynda eina heild. Þannig skal veita fólki möguleika á fjölbreyttum tækifærum til tómstunda, útivistar,	Ákvæði aðalskipulagsins í samræmi við þá uppbyggingu sem hefur verið á svæðin og stefnt er að. Deiliskipulaginu er ætlað að uppfylla kröfur um aðgengilegt útivistarsvæði og uppbyggingu á tjaldsvæði fyrir ferðamenn sem koma til Akureyrar. Jafnframt eru áform um

	fræðslu og bæta umhverfi, umgjörð og yfirbragð bæjarins. Byggð verði upp ýmiss konar aðstaða á opnu svæðunum til að auka möguleika á notkun þeirra til margþættrar útivistar, s.s. bílastæði, áningarstaðir, útsýnisskífur, æfingastöðvar og leiktæki.	uppbyggingu skáta á útilífsmiðstöð á svæði Hamra. Gerð verður breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 samhliða deiliskipulaginu þar sem svæði Hamra verður stækkað.
Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018	Í aðalskipulagsbreytingu er legu reiðleiða frá Naustaborgum og framhjá tjaldsvæði Hamra breytt. Reiðleiðin færir norður fyrir athafnasvæði Hamra og fellur utan deiliskipulagsins fyrir Kjarna og Hamra.	Engin áhrif á framkvæmdir í samræmi til tillögu á deiliskipulagi Kjarna og Hamra. Reiðleið er utan deiliskipulagssvæðis.
Háspennulínur (samkv. Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018)	Flutningslínur raforku liggja um skipulagssvæðið og samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir að þessar línur liggi áfram um svæðið. Eftirfarandi raflínur liggja um skipulagssvæðið: Laxárlína 1 er 66 kV. Kröflulína 1 er 132 kV.	Laxárlína 1 er 66 kV. Línan er byggð árið 1950. Önnur lega línunnar er möguleg. Fyrir Laxárlínu 1 er skilgreint 25 m breytt helgunarsvæði. Stefnt að því að Laxárlína 1 verði tekin niður eða fundin önnur lega. Kröflulína 1 er 132 kV. Línan er byggð árið 1975. Landsnet hf er eigandi línunnar og er líftími línunnar áætlaður 50-60 ár, en Landsnet stefnir að því að hún standi út líftíma sinn. Fyrir Kröflulínu 1 er skilgreint 40 m breytt helgunarsvæði. Stefnt er að því að línan verði tekin niður á núverandi stað áður en líftími línunnar verður liðinn og fundin önnur lega.
Rammaskipulag Naustahverfis	Í rammaskipulagi eru reitir 22 og 25 skilgreindir fyrir íbúabyggð og stefnt að þéttleika 15-25 íbúðir á ha.	Samræma þarf skörun svæðanna í deiliskipulagsgerð þannig að svæðin séu í fullu samræmi við áform Akureyrarbæjar um uppbyggingu á svæðunum.

3. Umfjöllun um kosti

Aðrir kostir sem fjallað verður um við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar, er núllkostur. Í núllkosti felst óbreytt ástand, sem þýðir að rekið verður áfram tjaldsvæði án samþykks deiliskipulags. Annar kostur er að byggja upp annað tjaldsvæði innan bæjarmarka Akureyrar.

5. Áhrifa- og umhverfisþættir

Helstu áhrifaþættir deiliskipulagtillögunnar sem eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum er yfirborðsvatn frá tjaldflötum á vatnasvæði Brunnár, áhrif núverandi háspennulína á tjaldgesti og áhrif á óraskaðar fornminjar.

Í umhverfisskýrslunni verður skýrt frá eftirfarandi þáttum:

- Náttúru og landslagi, sjónrænum áhrifum og upplifun
- Áhrif á gróður og fuglalíf
- Áhrif á fornleifar og menningarminjar
- Áhrif á landnotkun, samfélag og öryggismál
- Útivist og ferðamennska

Val á umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins geta orðið fyrir áhrifum af fyrrgreindum áhrifaþáttum. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af ofan töldum þáttum eru talin veruleg.

6. Viðmið

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á þremur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum einstakra áhrifa á náttúru og landslag á áhrifasvæði.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings sem nú þegar liggja fyrir.

Við mat á þeim umhverfisáhrifum sem gætu orðið er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir.

Í töflu 1 er samantekt á þeim umhverfisviðmiðum sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á deiliskipulags-áætlunarinnar. Viðmiðin eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Tafla 2. Viðmið fyrir áhrif á náttúru og landslag sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Gróðurfar	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur Lög um náttúruvernd
Fuglar	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Jarðfræði og jarðmyndanir	Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu. Lög um náttúruvernd
Landslag Upplifun og sjónræn áhrif	Sérstöðu/fágætis landslags út frá lögum um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúru-minjaskrá. Megineinkenni landslags s.s. ósnortið/ náttúrulegt yfirbragð, landslags form, litauði, fjölbreytni og heildstæði landslags. Norrænt landslag og evrópski landslagssáttmálinn þar sem fjallað er um mikilvægi landslags sem hluta af umhverfi fólks og upplifun.
Útivist og ferðamennska	Áhrif og upplifun frá markverðum stöðum Áhrif á notagildi svæða eða gönguleiða til útivistar
Náttúru-minjar	Náttúru-minjaskrá
Vatnsverndarsvæði	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.

Landnotkun og skipulag	Skipulagslög 123/2010 og mannvirkjalög nr. 160/2010 m.s.br. Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018.
Fornleifar menningarminjar og	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðaleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.).

Við greiningu einkenna og vægis hugsanlegra umhverfisáhrifa verður notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa.

Tafla 3. Skýringar á áhrifum og viðmiðum áhrifaþátta.

Tákn	Áhrif	Viðmið áhrifaþátta
(+)	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.	Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþátt.
(0)	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.	Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
(-)	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt	Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátt.
(?)	Óljós áhrif á umhverfisþátt	Deiliskipulagið hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

7. Öflun upplýsinga og aðferðarfræði

Matið verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar sama efnis sem eru aðgengilegar á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Ekki eru fyrirhugaðar sérstakar rannsóknir vegna vinnu við umhverfismat vegna deiliskipulagsgerðarinnar, heldur verður stuðst við fyrirbyggjandi upplýsingar og rannsóknir. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna eftir því sem við á.

8. Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins.

- Skipulagsstofnun - Lögbundin umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Umhverfisstofnun - Lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Landsnet - Umsagnaraðili vegna flutningskerfis raforku.
- Nærliggjandi sveitarfélög - Umsagnaraðilar um landnotkun sem nær út fyrir sveitarfélagamörk.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra - Vegna heilbrigðismála svæðisins.
- Minjastofnun Íslands – Vegna fornminja.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áður talda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

9. Ferlið.

Teiknistofan Stórð mun standa að vinnu við umhverfisskýrslu og deiliskipulagsgerð fyrir tjaldsvæðið að Hömrum og útivistarsvæðið í Kjarnaskógi sem mun byggja á þessari matslýsingu.

Fyrirhugað er að vinna umhverfisskýrslu og deiliskipulag í júlí 2013.

Skipulagið verði tekið fyrir skipulagsnefnd í júlí/ágúst og bæjarstjórn. Áætlaður auglýsingatími er í ágúst-september. Skipulagið fer aftur fyrir skipulagsnefnd og bæjarstjórn í september og öðlast gildi í október.

10. Heimildaskrá

Alþingi. (2010). *Mannvirkjalög nr 160/2010*. Reykjavík: Alþingi.

Alþingi. (2010). *Skipulagslög nr 123/2010*. Reykjavík. Alþingi.

Alþingi. (2006). *Lög um umhverfimat áætlana nr 105/2006*. Reykjavík. Alþingi.

Alþingi. (2000). *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000*. Reykjavík. Alþingi.

Akureyrarkaupstaður. (2006). *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018*. Akureyri. Skipulagsuppdráttur og greinargerð. 109 síður.

Kanon arkitektar ehf. (2000). *Naustahverfi – Rammaskipulag, Akureyri*. Akureyri. Unnið fyrir skipulagsdeild Akureyrar. 31 síður.